

Borgarstjórn Reykjavíkur
14. apríl 2026

Tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur(óháðra) um tilnefningu áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd

Við undirritaðir borgarfulltrúar höfum stofnað borgarstjórnarflokk óháðra og munum starfa innan hans út kjörtímabilið í samræmi við tilkynningu okkar til forsætisnefndar 9. mars 2026. Við leggjum því til að borgarstjórn samþykki að við fáum að tilnefna áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Lagt er til að Marta Guðjónsdóttir skipi sæti áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd.

Lagt er til að Kjartan Magnússon skipi sæti varaáheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd